



Frá Dalvíkurskóla **Til foreldra/forráðamanna og nemenda**

26.-30. nóv. Byrjað að skreyta í þessari viku. Bekkir skreyta með umsjónarkennara.

30. nóv. **Föndurdagur fjölskyldunnar í Dalvíkurskóla, kl. 15:30 - 18:30.**
Nemendur og fjölskyldur þeirra geta keypt efni til föndurgerðar í skólanum á vægu verði (frá ca. 100 – 2000 kr). Hafið með ykkur skæri, límstauk, liti (túss/tré), að jólaskapinu ógleymdu. **Ekki senda börnin ein.**

Nemendur í 10. bekk verða með kaffisölu í hátíðarsalnum til styrktar ferðasjóði sínum. Kaffihlaðborð kostar kr. 1000 fyrir fullorðna, kr. 500 fyrir börn á skólaaldri og ókeypis er fyrir börn undir skólaaldri.

Á föndurdaginn ganga allir inn um aðalinngang.

13. des. Nemendur í 1. – 6. bekk í Dalvíkurskóla skili „litlu jólapökkunum“ til umsjónarkennara. Hámarksverð kr. 400 (ath. ekki nammi eða snakk).

19. des. **Litlu jól í Dalvíkurskóla hjá 7. – 10. bekk kl. 20:00**

Rútuferðir: Frá Steindyrum. kl. 19:40
Frá Melum kl. 19:30
Frá Kálfsskinni kl. 19:20
Heimferð ca. 23:45

20. des. **Litlu jól í Dalvíkurskóla hjá 1.– 3. bekk kl. 09:00 (byrja í stofum)**
Litlu jól í Dalvíkurskóla hjá 4. – 6. bekk kl. 09:00 (byrja í sal)

Rútuferðir: Frá Búrfelli/Skeiði kl. 08:30, frá Dalvíkurskóla kl. 10:45
Frá Melum kl. 08:30, frá Dalvíkurskóla kl. 10:45
Frá Hauganesi kl. 08:30, frá Dalvíkurskóla kl. 10:45

23. des. **Jólapóstur samkvæmt hefð í Dalvíkurskóla. Skólinn er opinn frá kl. 13:00 – 16:00.** Nemendur og starfsfólk taka á móti jólakortum í skólanum (inngangur nr.1). Nemendur í 7. bekk mæta kl. 12:45 til að flokka póst. Þeir nemendur sem verða jólasveinar á aðfangadag eiga að mæta kl. 12:45 þennan dag og flokka póst. Verð fyrir hvert kort er **70 kr.** Jólasveinar (nemendur úr 8. – 10. bekk) bera út jólakortin á **aðfangadag frá kl 10:30 – 14:00.** Öll vinna er unnin í sjálfboðavinnu. Unnið til styrktar skólabókasafni Dalvíkurskóla.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að borinn verður út póstur á Dalvík og í Svarfaðardal.

Jólaleyfi

21. des. 2012 – 2. jan. 2013

3. jan.

Kennsla hefst að loknu jólaleyfi kl. 8:00 og kennt samkvæmt stundatöflu.

